

229. Frumvarp

l laga um verðtoll.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Af öllum vörum, er flytjast til Íslands frá útlöndum, hvort heldur verzlunarvörum eða öðrum vörum, skal viðtakandi greiða gjald í landssjóð, 3 af undraði af verðhæð vörunnar.

Undanþegið verðtolti er, heimilismunir manna, er flytja vistferlum til landsins, vanalegur farangur ferðamanna og bækur og blöð.

2. gr.

Tollinn skal ákveða eftir kaupreikningi (faktura), er ávallt fylgi vöruendingu hverri, enda sje höfð hliðsjón af vöruskrá skips, tilvísunarbrjefum og öðrum skipsskjölum, og viðtakandi skyldur að láta tollheimtumanni í tje drengkapar- og samviskuvottorð um vöruna. Tollheimtumanni er heimilt að skoða verslunarbækur viðtakanda.

3. gr.

Nú fylgir kaupreikningur ekki vörusendingu eða vöru er ekki getið í kaupreikningi, og skal þá tollheimtumaður eða umboðsmaður hans kyrsetja þuna á kostnað viðtakanda þangað til kaupreikningur er sýndur, nema því eins að viðtakandi setji tryggingu, sem tollheimtumaður telur nægja.

Nú kemur kaupreikningur ekki fram, enda viðtakanda ekki sök á því fandi, og metur tollheimtumaður þá vöruna til verðs, nema viðtakandi æski mats á venjulegan hátt.

Sanni viðtakandi eftir á, að matsverðið sje of hátt, skal endurgreiða þnum toll af mismun matverðs og sannverðs.

4. gr.

Nú þykir verð á vöru óeðlilega lágt, og skal þá meta vöruna á sama hátt og segir í 3. gr.

Nú reynist verð í kaupreikningi sett of lágt í undandráttarskyni, og greiðir viðtakandi þá þrefaldan toll af upphæð þeirri, er reynt var að draga undan.

5. gr.

Stjórnarráðið setur nánari reglur um tollheimtuna, og má það meðal annars ákveða, að póstmenn hafi á hendi tollheimtu og reikningsskil fyrir toll af vörum þeim, sem sendar eru sem póstsendingar.

Stjórnarráðið löggildir umboðsmenn tollheimtumönnum til handa, og skal þess gætt, að þeir fáist ekki við verslun. Stjórnarráðið setur umboðsmönnum erindisbrjef, og skal meðal annars tiltekið í því, hver þóknun þeirra er, en hún má vera alt að 1% af tolli þeim, er þeir innheimta. Umboðsmennirnir skulu vinna skriflega eið að sýslan sinni, og sæta ábyrgð samkv. 1. kap. hegningarláganna fyrir brot á starfskyldum sínum.

6. gr.

Að öðru leyti fer um gjaldheimtuna svo sem til er tekið i lögum nr. 54, 11. júlí 1911, að svo miklu leyti sem þau eiga við, og um skil fyrir henni eftir reglugjörð 13. febr. 1872 um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi.

7. gr.

Nú sýnir viðtakandi eigi kaupreikning, og er það sjálfrátt eða verð reynist of lágt sett í undandráttarskyni, og sætir viðtakandi þá, auk áður nefndra viðurlaga, allt að 1000 kr. sekt.

8. gr.

Brot á lögnum sæta meðferð almennra lögreglumála og sektir renna í landssjóð.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1913 og gilda til ársloka 1915.